



Verkefnahefti



Norden i skolan

DEN STORE NORDISKE
JULECHALLENGE 🌲




1. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fyrsta þáttinn af *Stóru norrænu jólaleikunum*. Lestu verkefnið til enda áður en þú hlustar á þátt dagsins, og fylltu út verkefnið eftir á.

A.

Hlustaðu eftir því hvaðan börnin þrjú sem fá orðið koma. Skrifðu nöfn þáttakandanna í rétt land á kortinu.



B.

Ræddu við sessanaut þinn þegar þátturinn er búinn um:

- Hvaða fjölskyldumeðlimur Emmu tók þátt í fyrstu jólaleikunum fyrir 1000 árum síðan?
- Hversu margir eru þáttakendurnir í *Stóru norrænu jólaleikunum*?





2. þáttur

Nú átt þú að hlusta á annan þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A. (meðan þú hlustar)

Hlustaðu eftir orðunum:

Gøy
Sjovt
Roligt

Tengdu orðin saman við sitt tungumál:

DK	Gøy
NO	Sjovt
SV	Roligt

Hvað þýða þessi þrjú orð?
Hvað heldur William að þau þýði?

B. (eftir að þú hlustar)

Talaði við sessunauta þína:

-Hvers óskar William sér?
-Hvers óskar Emma sér?
-Hver er stærsta ósk Sofia?





3. þáttur

Nú átt þú að hlusta á þriðja þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Ræstur fiskur – smakkaðu á orðunum.


Fyrst áttu að hvísla *Ræstur fiskur* svo lágt að bara þú heyrir það, segðu það svo hærra og hærra.

B.

Segðu sessunaut þínum: Hvað er Ræstur fiskur og sperðil?

C.

Lestu meira um 'Færoysk jól' á netinu – það er líka hægt að skoða og hlusta á rafbók með sama nafni á atlantbib.org.





4. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fjórða þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Finndu félagi sem er í skóm, sokkum eða bol í sama lit og þú, ræddu við hann/hana/hán um:

- Hvernig stóð Emma sig í áskoruninni?
- Hvernig leysti William verkefnið?
- Útskýrðu hvers vegna Aapo frá Samalandi komst í uppnám.
- Hvað gerðist í lokin?






5. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fimmta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar á þáttinn.

A. (meðan þú hlustar)

Hlustaðu eftir orðunum, og merku þau með X þegar þú heyrir þau notuð í þættinum.

 kanske	anderledes	bättre	serr
	geit	sjunga	utmaningen
ged	verkligen	fuskigt	

B. (eftir að þú hlustar)

Finndu féлага sem á litla jólageit heima hjá sér, og útskýrið fyrir hvoru öðru:

-Út á hvað gengur Julebukking-hefðin?





6. þáttur

Nú átt þú að hlusta á sjötta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Hópavinna:

Ræðið saman um það Emma, William og Sofa leystu verkefni dagsins?

B.

Í aðeins minni hópum eigið þið að velja eitt jólalag frá ykkar heimalandi. Þið fárið 5 mínútur til að æfa ykkur. Notið endilega YouTube, ef það er erfitt að muna allan textann. Síðan eigið þið að syngja lagið fyrir annan hóp eða allan bekkinn.





7. þáttur

Nú átt þú að hlusta á sjöunda þátt *Stóru norrænu jólalekanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.


Gem kosten

Gem kosten er gömul norsk jólahefð. Í dag halda þó ekki allir Norðmenn upp á hana lengur. Gem kosten gengur einfaldlega út á það, að Norðmenn eiga að fela kústana sína á aðfangadagskvöld. Þann dag (eða nótt) trúna þeir nefnilega að nornir mæti til jarðar, til að stela kústunum þeirra.

A.

Verkefni fyrir allan bekkinn:

Takið eldsnöggan feluleik með bekknum, í stofunni eða annar staðar í skólanum. Veltið fyrir ykkur hvar væri best að fela kúst, og felið ykkur einmitt þar. Kennarinn eða nemandi getur verið nornin sem kemur og reynir að finna kústana.





8. þáttur

Nú átt þú að hlusta á áttunda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Hjálpið Sofia, Emma og William að finna kústana. Stillið t.d. klukku og sjáið hver getur verið fyrst/ur að finna kústana, hver er mesta jólanornin?





9. þáttur

Nú átt þú að hlusta á níunda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A.

Hvað hugsar þú um þegar þú hugsar um Danmörku?

B.

Fyrir hvað eru Danir og Danmörk fræg samkvæmt Nis?

Setjið X við rétt svar:

- | | |
|------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Falleg fjöll og firði | <input type="checkbox"/> Subway surfers |
| <input type="checkbox"/> Lifrarkæfu | <input type="checkbox"/> ABBA |
| <input type="checkbox"/> Remúlaði | <input type="checkbox"/> Litlu hafmeyjuna |
| <input type="checkbox"/> H.C. Andersenista | <input type="checkbox"/> Brúna sósu og kartöflur |
| <input type="checkbox"/> Ullarnærföt | <input type="checkbox"/> Plastjólatri |
| <input type="checkbox"/> Lego | <input type="checkbox"/> Spítalaheimsóknir á jölunum út af of mikilli sósu |

Flest okkar á Norðurlöndunum höfum vissar hugmyndur um hvernig aðrir íbúar á Norðurlöndunum eru eða hagu sér. Stundum reynast fordómar okkar vera tóm tjara og stundum reynast þeir vera að einhverju leyti sannir. Þegar við gerum okkur upp svona hugmyndir um annað fólk, köllum við það staðalímyndir. Þegar við mætum öðrum sem eru ólík okkur, er mikilvægt að nálgast þau af virðingu og umhyggju ef maður vill fræðast um það sem er líkt og ólíkt milli þeirra og okkar. Þannig lærum við í seinn um aðra og okkur sjálf.

C.

Þú getur lesið meira um dönsk jól á netinu.






10. þáttur

Nú átt þú að hlusta á tíunda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A.

Hlustaðu eftir þessum orðum og settu X við þau, þegar þú heyrir þau notuð.

 skickade		julestemning	andestek
vegan	julskinka	fråga	misfornøyd
äter	kjøtt	bryet	





11. þáttur

Nú átt þú að hlusta á ellefta þátt *Stóru norrænu jólaeikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A.

Svaraðu eftirfarandi spurningum. Settu hring í kringum rétt svar:

Hvað þýðir: “Der er ingen grund til at græde over spildt mælk”?

- Það er allt í lagi að sulla með mjólk
- Ekki láta það angra þig sem þú getur ekki fengið breytt
- Mömmu verða alltaf vonsviknar þegar börnin þeirra sulla mjólk

Hver sagði einu sinni “Lions don’t compare themselves to humans”?

- Lionel Messi
- Erling Braut Haaland
- Zlatan Ibrahimović

Hvað er hæsta fjall Svíþjóðar, Kebenekaise, hátt?

- 2090 metrar
- 2469 metrar
- 149 metrar

Hvað er hæsta fjall Noregs, Galdhøpiggen, hátt?

- 2090 metrar
- 2469 metrar
- 149 metrar

Hvað er hæsta fjall Danmerkur, Himmelbjerget, hátt?

- 2090 metrar
- 2469 metrar
- 149 metrar



Berið saman svör ykkar við svör hinna í bekknum.





12. þáttur

Nú átt þú að hlusta á tólfta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A.

Smakkið á orðunum - hópverkefni:

Þið eigið að ímynda ykkur að þið séuð Emma, Sofia og William, á elgbaki. Lesið samtalið upphátt og æfið ykkur á bera fram orðin. Notið orðabók Norden í Skolen. Leiklesið samtalið fyrir bekkjarfélagi ykkar.

Sofia: Er du sikker på at dette er en god idé, William?

William: Bare rolig, jeg har styr på det ... det minder lidt om et spil på min Xbox.

Emma: Kan vi inte sänka farten lite?

William: Det ved jeg så ikke lige, hvordan man gør.

Sofia: Løper den ikke litt rart?

William: Jo det har du ret i ... den er måske bare glad og mæt af alle de rådne æbler.

Emma: Åh nej, sa du ruttna äpplen?

William: Ja ... så du ikke det? Er du gal hvor den guffede!

Emma: Men då är den ju full! När älgar äter jässta äpplen blir de fulla ... Det är liksom ... alkohol!

Sofia: Er du seriøst!? Jeg vil ikke dø sånn her... Jeg ofrer gjerne 1000 følgere for ikke å dø sånn her!

William: Yeehaw!!

Emma: Vad gör du William?

William: Jeg fikser det!

Sofia: Men hvorfor må vi gå til et tre?

William: Når vores golden retriever har drukket alkohol skal den altid hen til et træ og lette ben.

Emma: Kom igen! Vi hoppar av medan den kissar!

Sofia: Når i all verden drikker golden retrieveren din alkohol?

Emma: JAG KAN SE HUSET!

William: Hurra ... Vi klarede det!





13. Þáttur

Nú átt þú að hlusta á þrettánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A.

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Svíþjóð?

B.

Fyrir hvað er Svíþjóð þekkt samkvæmt Nis?

Setjið stjörnu við rétt svar.

- | | |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Zlatan Ibrahimovicista | <input type="checkbox"/> Astrid Lindgren |
| <input type="checkbox"/> IKEA | <input type="checkbox"/> H. C. Andersen |
| <input type="checkbox"/> H&Ms | <input type="checkbox"/> Minecraft |
| <input type="checkbox"/> Ullarnærföt | <input type="checkbox"/> Subway Surfers |
| <input type="checkbox"/> Andrés frænda | <input type="checkbox"/> Spotify |
| <input type="checkbox"/> Gönguskíði | <input type="checkbox"/> Elgi |
| <input type="checkbox"/> Kjötbollur | <input type="checkbox"/> Wasa |
| <input type="checkbox"/> ABBAsta | |

C.

Ef það er hægt í skólanum ykkar, skuluð þið spreyta ykkur á því að baka Lussekatte. Uppskriftin er í viðhengi 3.

Annars getið þið samið um að einhverjir baki heima, og taki með í skólann á morgun til að deila.





14. Þáttur

Nú átt þú að hlusta á fjórtánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Þetta er nágrannamálaæfing fyrir þá sem hafa dönsku, norsku eða sænsku sem móðurmál.

Trafiklys með Luciasangen. Tænk engang de fleste lande i hele Norden synger Lucia-sangen! Det er som regel også den samme melodi vi synger på. Teksterne varierer, men har samme tema. I denne opgave skal du arbejde med teksterne, som du får udleveret af din lærer. Du skal bruge en grøn, en gul og en rød farveblyant eller overstregningstus. Du skal overstrege ord, mens du læser efter følgende regler:

Grøn= ord som betyder det samme på dit eget sprog og det nordiske sprog og staves ens

Gul = ord som betyder det samme dit eget sprog og det nordiske sprog, men staves lidt forskelligt

Rød = ord som ikke findes på dit eget modersmål

I må gerne hjælpe hinanden.

B.

Söngstund fyrir þau sem hafa önnur móðurmál.

Veljið eitt eða fleiri af Lúsiulögnum á öðru máli en ykkar eigin, og syngið það saman með bekknum.

C.

Þú getur lesið meira um sænsku Lúsiuhefðina og sænsk jól á netinu.





15. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fimmtánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Finndu einhvern bekkjarfélagan sem er í hettupeysu og segðu honum frá því hvað gerðist í þætti dagsins.

- Hvað heldur Sofia að lillajul snúist um?
- Um hvað snúast lillajul í raun og veru?
- Hvernig ætli þríeykið nái að bjarga sér í þessari áskorun?

B.

Dragðu línu milli orðanna og tungumálsins sem þau tilheyra:

DK	lilla/liten
NO	lille/liden
SV	lille/liten

Lillajul

Lillajul er hugguleg álensk jólahefð sem á sér stað laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag adventu. Hér er hefð fyrir því að Álendingar sæki lítið jólatré, búi til pínulítill álfarorp, og ef börnin eru heppin fá þau líka stundum pínuponsu jólagjöf. Með öðrum orðum er lillajul því eiginlega eins og aðfangadagskvöld. Allt er bara oggu lítið smærra

C.

Þið eigið að rannsaka þessa hefð, finnið myndir á netinu og prentið þær e.t.v. út og hengið upp í kennslustofunni. Ættuð þið bekkurinn kannski að halda upp á ykkar eigin lillajul?





16. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fimmtánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Á þessa síðu átt þú að teikna instagram-póst

-Hvað kommenta fylgjendur Sofia á póstin?

-Skrifaðu þrjú jákvæð komment fyrir Sofiu. Mundu að gera emojis!





17. þáttur

Nú átt þú að hlusta á sautjanda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A. (áður en þú hlustar)

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Finnland?

B. (á meðan þú hlustar)

Fyrir hvað er Finnland þekkt samkvæmt Nis?

Teiknið hjarta hjá rétta svari.

- | | |
|-----------------------------------------|------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> 1000 vötn | <input type="checkbox"/> 3 milljóni sána |
| <input type="checkbox"/> Múmínálfa | <input type="checkbox"/> IKEAs |
| <input type="checkbox"/> ABBA | <input type="checkbox"/> HC. Andersen |
| <input type="checkbox"/> SMS-skilaboðin | |

C. (eftir að þú hlustar)

Sánumenningin í Finnlandi er alveg sérstök. Nú átt þú að lesa lítinn útdrátt úr texta um einmitt það.

Sofa, borða, sána

Sánan gegnir mikilvægu hlutverki í finnskri menningu. Hún er hluti af hversdegi langflestra Finna. Í sánunni hreinsar fólk bæði líkama og sál, og finnur innra með sér ró. Í raun snýst sánamenningin meira um andlegt jafnvægi, frekar en hreinlæti.

Sánuhefðin birtist líka í finnskum sögum, tónlist og goðsögnum. Fólk fæðist í sánunni, lifir sínu hversdagslífi í sánunni og sánan er líka hluti af sorgarferlinu þegar fólk missir fjölskyldumeðlimi eða vini. Sánan er líka miðpunktur í ýmsum hátíðarhöldum, til dæmis í sumarsólstöðusánunni og jólasánunni.

Heimild: unric.org

Skiptið bekknum í tvo hópa og myndið tvo hringi, innri hring og ytri hring, svo allir fá félag. Segðu félag þínum hvaða þýðingu sánan hefur í finnskri menningu, og lífi Finna almennt.





D.

Hvar heldur þú að jólasveinninn búi?

Teiknaður jólatré við þitt svar.

- Korvatunturi í Finnlandi
- Norðurljólinn
- Grænland





18. þáttur

Nú átt þú að hlusta á fimmtánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Ræddu við sessunaut þinn um hvað það er sem Emma hefur áhyggjur af. Hvað segir Sofia við Emmu?

B.

Quiz og byt med nordiske ordsprog – viðhengi 2.

Nú eigið þið að búa til 'quiz og byt' með norrænum orðatiltækjum. Kennarinn þinn deilir út miðum með orðtaki einum megin og merkingu þess hinum megin. Gangið um kennslustofuna og prófið hvert annað: Veist þú hvað þetta orðtak þýðir? Ef ekki getið þið alltaf fundið svarið aftan á miðanum. Skiptist á orðtökum þegar þið hafið bæði spurt hvort annað.





19. Þáttur

Nú átt þú að hlusta á fimmtánda þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*.

Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A. (áður en þú hlustar)

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Ísland?

B. (á meðan þú hlustar)

Fyrir hvað er Ísland þekkt samkvæmt Nis?

Teiknið sól við rétt svar.

- | | |
|---------------------------------------------|----------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Hveri | <input type="checkbox"/> Zlatan |
| <input type="checkbox"/> Litlu hafmeyjuna | <input type="checkbox"/> 13 jólasveina |
| <input type="checkbox"/> Risa jökla | <input type="checkbox"/> 26 daga jól |
| <input type="checkbox"/> IKEA | <input type="checkbox"/> Norðurljós |
| <input type="checkbox"/> Heitar uppsprettur | <input type="checkbox"/> Grýlu |
| <input type="checkbox"/> Fossa | |

C. (eftir að þú hlustar)


Dragðu línu milli orðanna og tungumálanna sem þau tilheyra:

- | | |
|-----------|-------------|
| SV | lesebrett |
| DK | läsplatta |
| NO | tablet/Ipod |

Af hverju heldur þú að í sumum löndum velji fólk að nota ekki ensku orðin?

D.

Lesið meira um íslensk jól á netinu.






20. þáttur

Nú átt þú að hlusta á tuttugasta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A. (á meðan þú hlustar)

Hlustaðu eftir orðunum og settu kross við þau þegar þú heyrir þau

 udkigspost		Gryla	ninjatjeyjerna
lenger	nära	málstregen	meg
føttene		nordlys	

B. (eftir að þú hlustar)

Ræddu við sessunaust um Grýlu. Hver er hún og hvar vaknar hún?

Hvað gera Emma, William og Sofia?

Hvað finnst þér um dubstep?





21. Þáttur

Nú átt þú að hlusta á tuttugasta og fyrsta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*.
Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar.

A. (áður en þú hlustar)

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Grænland?

B. (á meðan þú hlustar)

Fyrir hvað er Grænland þekkt samkvæmt Nis?

Teiknið blóm við rétt svar.

- | | |
|-----------------------------------------------|---------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Stærsta eyja í heimi | <input type="checkbox"/> Donald Trump vildi kaupa |
| <input type="checkbox"/> 13 jólasveina | Grønland |
| <input type="checkbox"/> Innflutt jólatré | <input type="checkbox"/> Hundasleða |
| <input type="checkbox"/> Heimatilbúin jólatré | <input type="checkbox"/> Foss |
| <input type="checkbox"/> Kjötbollur | <input type="checkbox"/> Snjó og fjöll |
| | <input type="checkbox"/> Eldgos |

C. (eftir að þú hlustar)

Búðu til jólatré úr efnivið sem þú finnur í grenndinni.

Ef það er snjór þar sem þú ert, er hægt að gera snjójólatré.

Það er líka hægt að klippa jólatré út úr pappír og skreyta það.





22. þáttur

Nú átt þú að hlusta á tuttugasta og annan þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Á meðan þú hlustar, getur þú byrjað að búa til jólahjartað

A.

Flétta jólahjarta úr grænlenSKU fánalitunum fyrir jólatréið þitt (sjá viðhengi 4). Þú átt að nota rauðan og hvítan pappír, skæri, lím fyrir hengið, og skapalónið sem kennarinn þinn lætur þig fá.





23. Þáttur

Nú átt þú að hlusta á tuttugasta og þriðja þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Vinátta Emma, William og Sofia.

Lestu samtalið milli þeirra þriggja þegar þau sitja í þyrlunni. Hverju erum við búin að komast að um þessi börn í gegnum alla tuttugu og þrjá þættina?

William: Hvor er det vildt!! Det er den bedste dag i mit liv!!

Emma: Jag hoppas verkligen min farfar tycker att jag är häftig som har gjort allt detta.

Sofia: Slutt nå med den bestefaren... du er allerede 1000 ganger kulere enn han!

Emma: Vad menar du?

Sofia: Det er din skyld at vi har kommet så langt.

Emma: Nej... det är väl du och William som har gjort att vi klarat oss igenom de flesta av challengesen.

Sofia: Kanskje... men William og jeg ville aldri ha vært i stand til å jobbe sammen uten deg.

Emma: Men sluta nu...

Sofia: Det er sant ... du er team-kapteinen vår! Stemmer det ikke, William?

William: Snoooooork!

Sofia: William?

William: Snoooooork!

Emma: Vad hade vi egentligen gjort utan William och hans golden retriever?

Sofia: Du har rett ... så var vi nok eliminert i kostespillet i Norge.

Emma: Ja, eller åkt ut med den där fulla älgen i Sverige.

Sofia: Tænt at vi har opplevd dette sammen (gaber).

Emma: Ja, två nya bästisar/bästa vänner... det är ju nästan en julönskan i sig själv.





B.

Lýstu þeim þremur með eins mörgum orðum og er mögulegt:

Emma

William

Sofia





24. þáttur

Nú átt þú að hlusta á tuttugasta og fjórða og síðasta þátt *Stóru norrænu jólaleikanna*. Lestu allt verkefnið í gegn áður en þú hlustar og fylltu það út eftir á.

A.

Dragðu strik milli jólaorðanna sem tungumálana sem þau tilheyra:

SV	Julenissen
DK	Jultomten
NO	Julemanden



B.

Staður sem börnin eiga alveg sjálf. Staður þar sem er gott að vera. Hinn 24. desember verður þjóðhátíðardagurinn. Krakkastan! Það var það sem aðalpersónurnar okkar dreymdi um.

Ef þú mætti fá að stofna eigið ríki með nokkrum góðum vinum, hvað og hvernig yrði allt á eyjunni, og hvað myndir þú láta það heita? Gerðu lista yfir 10 mikilvægustu atriðin hér fyrir neðan. Ræðið við félagar ykkar um staðinn sem er bara fyrir ykkur.





Síðasta verkefnið

Flettibókin mín um norrænar jólahefðir og sturlaðar staðreyndir.

Í síðustu 24 þáttum hefur þú fengið mikið að vita um Norðurlönd, skandinavísku málin, ólíkar jólahefðir og ekki síst: vináttu. Öllu þessu átt þú að safna saman í flettibók sem á að heita *Norrænu jólaleikarnir mínir*.

Horfðu á stuttmyndband á Norden i Skolen um hvernig maður býr svoleiðis til.

Í flettibókinni átt þú að safna saman öllum mikilvægustu upplýsingunum sem þú ert búinn að koamst að í gegnum þættina. Þú ákveður sjálf/t/ur hvað fær að vera með í þinni bók.

Sýnið hverju öðru bækurnar, og sýnið þær líka foreldrum eða forráðamönnum ykkar. Munið að senda mynd á Nordne i skolen þegar bækurnar eru tilbúnar:

kontakt@nordeniskolen.org

